



ENDURSKOÐUN
Davíð A. Einarsson
endurskoðandi hjá
Grant Thornton

Reikningsskil Lífeyrissjóða



Félag löggiltra endurskoðenda

Hagsmunir núverandi og verðandi sjóðfélaga eru meðal annars þeir að geta borið saman og metið árangur sambærilegra lífeyrissjóða.

Lífeyrissjóðum er skylt að gera reikningsskil sín í samræmi við reglur þar að lútandi frá árinu 2000. Nú liggur fyrir að breytingar á reglum um reikningsskil lífeyrissjóða séu í farvatninu og er það á ábyrgð Fjármálaeftirlitsins að setja slíkar reglur.

Mörgum hefur þótt brýnt að uppfæra nógildandi reglur um reikningsskil lífeyrissjóða, að hluta eða að öllu leyti, til samræmis við þá þróun sem almennt hefur átt sér stað í reikningsskilum. Má þar sérstaklega nefna auknar heimildir til þess að færa ákveðnar eignir á gangvirði í stað kostnaðarverðs eða upprunalegs kaupverðs. Einnig hefur verið gagnrýnt að lífeyrisskuldbinding sjóðanna skuli ekki vera meðtalin á efnahagsreikningi þeirra.

Núverandi reikningsskilareglur lífeyrissjóða gera kröfu um að ákveðnar fjárfestingar séu metnar á raunvirði. Hins vegar ber lífeyrissjóðum að færa stóran hluta af fjárfestingum sínum á kaupverði, t.a.m. allar skuldabréfaeignir.

Til tals hefur komið að heimila lífeyrissjóðum að færa allar fjárfestingar sínar á gangvirði. Að öðru óbreyttu hefði það umtalsverð áhrif á raunávöxtun lífeyrissjóðanna. Ef forsendur raunvirðis eru áreiðanlegar og aðferðafræðin við útreikninga þekkt ættu slíkar breytingar að vera til bóta þar sem mæling á raunávöxtun væri réttari heldur en þegar hluti eignasafnsins er metinn á kostnaðarverði.

Á móti kemur að hagsmunir núverandi og verðandi sjóðfélaga eru meðal annars þeir að geta borið saman og metið árangur sambærilegra lífeyrissjóða. Því ættu sambærilegir lífeyrissjóðir að styðjast við

sambærilega aðferðafræði við mat og skráningu fjárfestinga í reikningsskilum sínum. Þrátt fyrir vankanta nógildandi reikningsskilareglna tryggja þau það að miklu leyti. Nýjar reikningsskilareglur lífeyrissjóðanna þurfa því að minnsta kosti að tryggja slíkan samanburð.

Lífeyrissjóðakerfinu má skipta í tvennt, þ.e. samtryggingarsjóði og séreignarsjóði. Samtryggingarsjóðir taka á móti og ávaxta lögbundinn sparnað landsmanna en séreignarsjóðir taka á móti og ávaxta séreignarsparnað. Iðgjöld greidd í samtryggingarsjóð skapa sjóðfélaga réttindi sem er útreiknuð stærð. Réttindi sjóðfélaga í séreignarsjóði felast í hlutdeild hans í eignum sjóðsins, svipað og hlutdeild í verðbréfasjóðum. Séreignarsjóðir ættu því að gera upp á gangvirði til að tryggja að hlutdeild sjóðfélaga endurspegli raunvirði sem er mikilvægt til að gæta hagsmuna og jafnræði sjóðfélagana. Í nógildandi reikningsskilareglum er ekki gerður greinarmunur á samtryggingarsjóðum og séreignarsjóðum og því er mikilvægt að breytingar á reglunum snúi að minnsta kosti að því.

Lífeyrisskuldbinding endurspeglar framtíðargreiðslur til sjóðfélaga á grundvelli þeirra réttinda sem þeir hafa áunnið sér. Hún er reiknuð út frá forsendum sem skilgreindar eru í lögum og reglum. Lífeyrisskuldbinding er eingöngu reiknuð út hjá samtryggingarsjóðum og er hluti af tryggingarfræðilegri stöðu þeirra. Tryggingarfræðileg staða tekur einnig tillit til eigna sjóðanna og vænttrar ávöxtunar þeirra til framtíðar svo og væntum framtíðariðgjöldum. Greining á tryggingarfræðilegri stöðu er mikilvæg til að átta sig á getu sjóðanna til að standa undir væntum framtíðarskuldbindingum. Efnahagsreikningar lífeyrissjóða endurspeglar þó illa tryggingarfræðilega stöðu í dag af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er lífeyrisskuldbinding ekki færð meðal skulda í efnahagsreikningi og í öðru lagi eru eignir metnar með öðrum hætti við útreikninga tryggingarfræðilegrar stöðu heldur en gert er í efnahagsreikningi.

Það er ekki sjálfgefið að útreikningum á tryggingarfræðilegri stöðu samtryggingarsjóða verði breytt samhliða breytingum á reikningsskilareglum. Ef gert verður að skyldu að lífeyrisskuldbinding skuli færð meðal skulda í efnahagsreikningi vaknar upp sú spurning hvort efnahagsreikningur lífeyrissjóðs ætti ekki að endurspeglar tryggingarfræðilega stöðu hans. Þá er nauðsynlegt að breyta reglum um mat eigna við útreikninga á tryggingarfræðilegri stöðu til samræmis nýjum reikningsskilareglum. Meta þarf áhrifin af slíku en vænta má bæði töluverðra breytinga á stöðunni svo og meiri sveiflna til framtíðar. Því er óvíst hvort sú breyting sé til batnaðar.

Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 12. júní 2014 bls. 12.